



# REGLUGERÐ ÍSÍ UM FÉLAGA-, IÐKENDA- OG KEPPENDATAL

---

## 1. grein

### SKILGREINING HUGTAKA

Félagsmaður í íþróttá- eða ungmennafélagi er hver sá sem greitt hefur félagsgjald til félagsins ásamt þeim sem stjórn félagsins samþykkir að skuli skrá sem félagi, en er undanþeginn greiðslu félagsgjalds af sérstökum ástæðum.

Iðkandi er sá félagsmaður í íþróttá- eða ungmennafélagi sem stundar eina eða fleiri íþróttagreinar á vegum félagsins.

Keppandi er sá félagsmaður í íþróttá- eða ungmennafélagi sem keppir fyrir félagið í opinberu mótum á vegum sársambands, t.d. Íslandsmóti, eða að minnsta kosti tveimur opinberum mótum á vegum héraðssambands eða félaga sem viðurkennd eru af viðkomandi sársambandi.

## 2. grein

Öll íþróttá- og ungmennafélög skulu um áramót skrá félagsmenn, iðkendur og keppendur síðasta starfsárs. Senda skal skrána til skrifstofu ÍSÍ fyrir 15. apríl ár hvert á tölvutæku formi, skv. tölvukerfi ÍSÍ, tölvukerfi UMFÍ eða á öðru formi sem ÍSÍ samþykkir hverju sinni.

## 3. grein

Í skrá yfir félagsmenn, iðkendur og keppendur skulu koma fram nöfn, kennitölur og heimilisföng félagsins og allra sem skráðir eru. Auk þess skal koma fram hvaða íþróttagreini eða íþróttagreinar hver iðkandi og keppandi stundar.

**Samþykkt á fundi framkvæmdastjórnar ÍSÍ 4. september 1998.**

